

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 11/2021

Kæra Orku ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 14. júlí 2021.

1. Þann 1. apríl 2022 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 11/2021: Kæra Orku ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 14. júlí 2021. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 10. ágúst 2021, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að taka ekki til meðferðar erindi kæranda til Neytendastofu um ætlað brot Poulsen ehf. gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 15. ágúst 2020, fór kærandi þess á leit að Neytendastofa tæki til endurskoðunar eldri ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2012. Í bréfinu var vísað til þess að stofnunin hefði haft til meðferðar kvörtun félagsins Poulsen ehf. sem hefði kvartað yfir notkun kæranda á léninu polsen.is, en þegar lénið væri slegið inn væri viðkomandi sendur á vefsíðu kæranda, bilrudur.is. Kvörtun Poulsen ehf. hafi verið á því reist að hætta væri á að neytendur rugluðust á léni kæranda og Poulsen ehf. Hafi félagið krafist þess að kæranda yrði bannað að nota lénið polsen.is í tengslum við starfsemi félagsins og að lögð yrði stjórnvaldssekt á kæranda. Í tilefni af þessu vildi kærandi vekja athygli Neytendastofu á sambærilegri notkun Poulsen ehf. á léninu www.orka.is. Þegar lénið væri slegið inn væri viðkomandi sendur á vefsíðu Poulsen ehf., eða www.poulsen.is. Kærandi kæmist ekki hjá því að benda á þennan tvískinning Poulsen ehf. og vekja athygli á því að notkun kæranda á léninu polsen.is hefði verið til þess að bregðast við óréttmætum viðskiptaháttum Poulsen ehf.
5. Kærandi vilji benda á að aðilar málsins hafi átt í beinni samkeppni í fjölda ára. Vörumerki kæranda sé einfaldlega orðið Orka og því mjög einkennandi í allri markaðssetningu félagsins. Af þessu leiði að veruleg ruglingshætta skapist við notkun Poulsen ehf. á léninu www.orka.is og hafi ófáir viðskiptavinir kæranda lýst yfir undrun sinni á þessu. Í ljósi þessa vilji kærandi nýta tækifærið og óska eftir endurskoðun á ákvörðun Neytendastofu nr. 20/2012 þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að aðhafast ekki vegna notkunar Poulsen ehf. á léninu orka.is með vísan til þess að ekki væri sýnt fram á ruglingshættu milli aðilanna. Kærandi upplifi þessa ruglingshættu daglega og sé orðinn langþreyttur á að útskýra fyrir viðskiptavinum sínum að vefsíðan orka.is sé í raun vefsíða

keppinautar félagsins, Poulsen ehf. Kærandi sjái því ekki aðra leið færa en að gera sambærilega kröfu og Poulsen ehf. í þessu máli. Þess sé krafist að Neytendastofa banni Poulsen ehf. að nota lénið www.orka.is og geri félaginu að afskrá lénið. Þá verði lögð stjórnvaldssekt á félagið.

6. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 20. ágúst 2020, var vísað til fyrra bréfs þar sem kæranda var gefið færi á að gera athugasemdir við kvörtun Poulsen ehf. yfir notkun kæranda á léninu polsen.is. Í svarbréfi kæranda í kjölfarið hafi athygli Neytendastofu verið vakin á sambærilegri háttsemi Poulsen ehf. á léninu www.orka.is og verið óskað eftir endurskoðun ákvörðunar Neytendastofu nr. 20/2012. Í bréfinu hafi kæranda verið bent á að með ákvörðun stofnunarinnar í máli nr. 20/2012 hafi afgreiðslu þess máls verið lokið hjá stofnuninni. Ákvörðunin hafi verið kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála sem hafi staðfest hana með úrskurði í máli nr. 9/2012. Kæruleiðir innan stjórnarsýslunnar hafi þar með verið tæmdar. Aðili sem ekki vilji una ákvörðun Neytendastofu og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála geti höfðað mál til ógildingar úrskurðar nefndarinnar innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurðinn. Þar sem slíkt mál hafi ekki verið höfðað standi úrlausn málsins á áfrýjunarstigi. Í 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sé fjallað um endurupptöku máls og samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. verði stjórnarsýslumál ekki tekið upp að nýju sé ár liðið frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun, nema veigamiklar ástæður mæli með því. Telji kærandi slíkar ástæður fyrir hendi og tilefni til endurupptöku máls þurfi krafa um slíkt að berast stofnuninni enda verði krafa um endurupptöku ekki afgreidd samhliða kvörtun Poulsen ehf. yfir notkun kæranda á léninu polsen.is. Loks sagði í bréfi stofnunarinnar að vildi kærandi koma að athugasemdum sínum vegna kvörtunar Poulsen ehf. þyrftu þær að berast innan tveggja vikna. Að þeim tíma liðnum mætti búast við að tekin yrði ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.
7. Með bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 25. maí 2021, var vísað til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 9/2021 þar sem kæranda var bannað að nota lénið polsen.is og tekið fram að í ljósi ákvörðunarinnar vildi kærandi athuga með stöðuna á kvörtun hans vegna notkunar Poulsen ehf. á léninu orka.is. Var þess óskað að Neytendastofa tæki ákvörðun um að stöðva ólögmetna notkun félagsins á léninu, einkum þar sem stofnunin hefði stöðvað nákvæmlega eins nýtingu kæranda á léninu polsen.is. Kærandi ítrekaði að félagið hefði einkarétt á firmanafninu ORKA og væri því mikið í mun að ekki væri gengið á þann rétt. Poulsen ehf. og Orka ehf. ættu í samkeppni og því væri greinileg ruglingshætta fyrir hendi gagnvart neytendum. Ljóst væri að markmið Poulsen ehf. væri að viðskiptavinir rugluðust og ættu viðskipti við Poulsen ehf. í stað kæranda.
8. Fram kom einnig að nýting Poulsen ehf. á léninu orka.is hefði ekki verið tekin til skoðunar áður hjá Neytendastofu. Poulsen ehf. hefði breytt notkun sinni á léninu orka.is frá því að Neytendastofa tók ákvörðun í máli nr. 20/2012. Í því máli hafi stofnunin ekki séð ástæðu til að grípa til aðgerða þar sem síðan www.orka.is væri einungis „lendingarsíða“ sem upplýsti neytendur um að Orka-Snorri G. Guðmundsson (OSG) hafi sameinast Poulsen ehf. árið 2005 og hafi síðan flutt viðkomandi yfir á vefsíðuna www.poulsen.is. Síðan væru liðin 16 ár og tækniþróun hefði leitt til þess að neytendur leituðu í auknum mæli inn á heimasíður fyrirtækja og nýttu sér leiðir til sjálfsþjónustu. Það væri því gríðarlega mikilvægt að neytendur væru ekki blekkir með þessum hætti. Þannig gæti kvörtun kæranda ekki verið vísað frá með vísan til fyrri meðferðar og þess að ekki væru lagaskilyrði til endurupptöku málsins á grundvelli stjórnarsýslulaga. Kærandi færi fram á

að kvörtun hans frá 15. ágúst 2020 fengi efnislega meðferð og að hin nýja notkun Poulsen ehf. á léninu orka.is væri stöðvuð.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

9. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 14. júlí 2021, var vísað til fyrri samskipta aðila og tekið fram að stofnunin liti svo á að kærandi væri að óska eftir endurupptöku á ákvörðun Neytendastofu nr. 20/2012. Samkvæmt 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eigi aðili máls rétt á að mál sé tekið til meðferðar á ný hafi ákvörðun byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafi verulega frá töku ákvörðunar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar verði mál þó ekki tekið upp að nýju sé ár liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.
10. Það sé álit Neytendastofu að ekki séu lagaskilyrði til endurupptöku ákvörðunar stofnunarinnar nr. 20/2012 og vísist þar sérstaklega til þess að rúm níu ár séu frá töku ákvörðunarinnar og ekki séu fyrir hendi veigamiklar ástæður sem mæli með endurupptöku. Ákvörðunin hafi verið kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála sem hafi staðfest hana. Þeim úrskurði hafi ekki verið skotið til dómstóla og því standi úrlausn málsins á áfrýjunarstigi. Því séu ekki skilyrði fyrir endurupptöku og muni stofnunin ekki aðhafast frekar vegna málsins.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

11. Skilja verður kæru kæranda svo að með henni sé þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Þar kemur fram að kærandi sé ekki að óska eftir endurupptöku á fyrri ákvörðun Neytendastofu. Kvörtun kæranda beinist að misnotkun Poulsen ehf. á léninu orka.is á árunum 2020-2021 og sé því um nýja kvörtun að ræða. Núverandi notkun Poulsen ehf. á léninu orka.is, sem feli í sér beina áframsendingu á síðuna www.poulsen.is, hafi ekki verið tekin til skoðunar Neytendastofu áður. Með beinni áframsendingu beini fyrirtækið þeim neytendum sem fara inn á slóðina www.orka.is inn á heimasvæði Poulsen ehf. þar sem hægt sé að panta þjónustu eða viðgerð. Kærandi hafi ítrekað bent Neytendastofu á að Poulsen ehf. hafi breytt notkun sinni á léninu frá því að Neytendastofa tók ákvörðun í máli nr. 20/2012 og áfrýjunarnefnd neytendamála í úrskurði nr. 9/2012. Í því máli hafi Neytendastofa ekki séð ástæðu til aðgerða þar sem lénið hafi ekki verið notað í beinum rekstri og aðeins verið nýtt í þeim tilgangi að upplýsa fólk um sameiningu OSG og Poulsen ehf. Notkun á léninu hafi breyst og eins þær forsendur sem hafi legið að baki eldri ákvörðun. Liðin séu níu ár og tækniþróun leitt til þess að neytendur leiti í auknum mæli á heimasíður fyrirtækja til þess að nýta sér leiðir til sjálfsþjónustu. Það sé því gríðarlega mikilvægt að neytendur séu ekki blekkir með þessum hætti. Markmið Poulsen ehf. með notkun lénsins sé að neytendur ruglist og eigi viðskipti við félagið í stað kæranda.
12. Mjög auðvelt sé fyrir Poulsen ehf. að breyta notkun sinni á léninu orka.is. Félagið hafi t.d. breytt notkuninni nokkrum sinnum á síðasta ári og hagað notkuninni eftir því hvort kraftur sé í markaðssetningu kæranda. Kærandi hafi bent Neytendastofu á að félagið leiki sér að því að

misnota lénið en dragi svo tímabundið úr þegar kvörtun berist. Síðan sé aftur gefið í. Kærandi hafi einkarétt á firmanafninu ORKA og brjóti umrædd notkun gegn rétti félagsins.

13. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 8. september 2021, segir að stofnunin hafi tjáð kæranda að mál hans hafi fengið umfjöllun á tveimur stjórnarsýslustigum og hafi úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála ekki verið skotið til dómstóla. Því liggi fyrir úrlausn málsins á áfrýjunarstigi. Í kærðu komi fram að kærandi hafi ekki óskað eftir endurupptöku málsins frá árinu 2012 heldur sé um að ræða nýja kvörtun sem snúi að notkun lénsins á árunum 2020-2021, en núverandi notkun á léninu hafi ekki verið tekin til skoðunar hjá Neytendastofu.
14. Mál þetta eigi upphaflega rætur að rekja til bréfs kæranda til Neytendastofu, dags. 15. ágúst 2020, sem sent hafi verið undir rekstri máls sem legið hafi til grundvallar ákvörðun Neytendastofu nr. 9/2021 varðandi lénið poulsen.is. Það mál hafi tekið til ágreinings sömu aðila vegna notkunar á léninu poulsen.is. Í tilvitnuðu bréfi komi fram: „Í ljósi alls framangreinds vill Orka nýta þetta tækifæri til þess að óska eftir endurskoðun á ákvörðun Neytendastofu nr. 12/2012 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að aðhafast ekki í notkun kvartanda á léninu orka.is þar sem að ekki hafi verið sýnt fram á ruglingshættu milli aðilanna.“ Neytendastofa hafi svarað ofangreindri kröfu kæranda með bréfi, dags. 20. ágúst 2020, þar sem m.a. komi fram að telji kærandi veigamiklar ástæður fyrir hendi og þar með tilefni til endurupptöku málsins þurfi stofnuninni að berast nýtt erindi enda verði krafa um endurupptöku þess máls ekki afgreidd samhliða kvörtun Poulsen ehf. á notkun kæranda á léninu poulsen.is. Með bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 14. júlí 2021, hafi verið vísað til framangreinds bréfs og ítrekuð sú krafa að Neytendastofa tæki kvörtun kæranda til efnislegrar meðferðar. Hafi kærandi vísað til þess að þar sem Poulsen ehf. hafi breytt lendingarsíðu fyrir lénið orka.is, þ.e. lénið beini nú neytendum beint inn á vefsíðu Poulsen ehf. í stað þess einvörðungu að upplýsa neytendur um sameiningu Poulsen ehf. og OSG hf. eins og áður var, sé tilefni til þess að taka kvörtun kæranda til efnislegrar meðferðar enda um nýtt mál að ræða.
15. Í máli nr. 20/2012 hafi ágreiningsefnið verið skráning og notkun lénsins orka.is. Niðurstaða Neytendastofu í því máli, sem staðfest hafi verið hjá áfrýjunarnefndinni, hafi verið að ekki væri tilefni til aðgerða af hálfu stofnunarinnar. Ágreiningsefni þess máls sem nú liggi fyrir sé það sama. Ekki séu fyrir hendi aðstæður sem réttlæti nýja málsmeðferð um sama ágreiningsefnið hjá stofnuninni enda ekki lagaskilyrði fyrir hendi til að taka kvörtun kæranda til efnislegrar meðferðar einvörðungu á grundvelli laga nr. 57/2005. Að þessu virtu og þar sem búið sé að fjalla um sama ágreiningsefnið á tveimur stjórnarsýslustigum telji Neytendastofa sér ekki fært annað en að líta á beiðni kæranda sem beiðni um endurupptöku ákvörðunar nr. 20/2012 og komi það atriði sem kærandi vísi til og telji vera grundvöll nýrrar málsmeðferðar, þ.e. breytt notkun lénsins orka.is, til skoðunar með tilliti til þess hvort tilefni sé til endurupptöku málsins samkvæmt 24. gr. stjórnarsýslulaga.

16. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að stjórnarsýslulögum segi m.a. að í 2. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga sé að finna skilyrði sem sett séu til þess að viðhalda hæfilegri festu í stjórnarsýsluframkvæmd og sé ætlað að koma í veg fyrir að verið sé að endurupptaka mjög gömul mál sem erfitt geti verið að upplýsa. Markmiðið með ákvæðum 2. mgr. sé að stuðla að því að mál séu til lykta leidd svo fljótt sem unnt sé. Telji aðili þörf á endurupptöku máls beri honum að bera fram beiðni þar að lútandi án ástæðulauss dráttar. Mál verði því ekki endurupptekið á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 24. gr. nema fyrir liggi samþykki annarra aðila málsins og veigamiklar ástæður mæli með því. Rúm níu ár séu frá töku upphaflegrar ákvörðunar Neytendastofu. Poulsen ehf. sé enn skráður réttthafi lénsins orka.is og virðist hafa hagnýtt sér það lén nú í yfir 14 ár eða a.m.k. frá árinu 2007. Þá virðist notkun félagsins á léninu ekki hafa breyst að verulegu leyti enda beini lénið neytendum á þann hluta vefsíðu Poulsen ehf. sem fjalli um sögu félagsins, þ.m.t. upplýsingar um kaup félagsins á OSG hf. sem sé sama efni og var á síðu lénsins árið 2012. Enn fremur hafi niðurstaða ákvörðunar Neytendastofu nr. 20/2012 ekki einvörðungu eða meginefni beinst að síðunni sem slíkri heldur m.a. á því að auðkennið orka væri almennt og skorti sérkenni og að Poulsen ehf. hafi verið skráður réttthafi lénsins frá árinu 2007. Þeirri málsástæðu kæranda að breyting á „lendingarsíðu“ lénsins orka.is teljist veigamikil ástæða sé því hafnað af hálfu Neytendastofu.
17. Ekki séu skilyrði til endurupptöku ákvörðunar stofnunarinnar og vísist þar einkum til þess að níu ár séu liðin frá upphaflegri ákvörðun og að ekki séu fyrir hendi veigamiklar ástæður sem réttlæti endurupptöku í skilningi 24. gr. stjórnarsýslulaga. Ákvörðunin hafi verið kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála þar sem hún hafi verið staðfest. Með vísan til alls þessa telji stofnunin ákvörðun um að hafna að taka erindi kæranda til meðferðar hafa byggt á málefnalegum sjónarmiðum og verið í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga og laga nr. 57/2005.
18. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til kæranda, dags. 20. september 2021, var kæranda boðið að koma að athugasemdum sínum við greinargerð Neytendastofu. Með tölvubrési lögmanns kæranda, dags. 14. október 2021, er áréttað að óskað sé eftir að því sé beint til Neytendastofu að taka kvörtun kæranda efnislega fyrir. Kærandi leiti til áfrýjunarnefndarinnar þar sem Neytendastofa neiti að taka kvörtun kæranda til efnislegrar meðferðar á þeim grundvelli að árið 2012 hafi ekki þótt ástæða til aðgerða og ekki séu lagaskilyrði til endurupptektar á því máli á grundvelli stjórnarsýslulaga. Ekki sé verið að óska eftir endurupptöku á grundvelli stjórnarsýslulaga heldur kvarta yfir nýrri háttsemi sem ekki hafi áður verið fjallað um.

NIÐURSTAÐA

19. Kæran í máli þessu lýtur að ákvörðun Neytendastofu um að taka erindi kæranda ekki til meðferðar. Erindi kæranda laut að ætluðu broti Poulsen ehf. gegn 15. gr. a, sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu vegna notkunar Poulsen ehf. á

léninu www.orka.is. Í hinni kærðu ákvörðun kom fram að kvörtun kæranda bæri að skilja svo að óskað væri eftir endurupptöku á ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 20/2012 og þar sem lagaskilyrði slíkrar endurupptöku skorti, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga, myndi stofnunin ekki aðhafast frekar í málinu. Kærandi byggir hins vegar á því að sú notkun Poulsen ehf. á léninu í þessu máli sé önnur en sú notkun sem til úrlausnar hafi verið í hinu eldra máli. Málið varði „beina áframsendingu á síðuna www.poulsen.is“ sem ekki hafi verið tekin til skoðunar hjá Neytendastofu áður. Poulsen ehf. hafi breytt notkun sinni á léninu frá hinni eldri ákvörðun því geti stofnunin ekki vísað kvörtun kæranda frá með vísan til fyrri meðferðar.

20. Sem fyrr greinir laut fyrrgreind ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 20/2012 að notkun Poulsen ehf. á léninu www.orka.is sem Poulsen ehf. var skráður rétthafi af samkvæmt rétthafaskrá ISNIC. Kvörtun kæranda í málinu beindist að notkun lénsins sem slíks og var uppi krafa af hálfu kæranda um að notkun lénsins yrði bönnuð þar sem ruglingshætta í skilningi 15. gr. a laga nr. 57/2005 skapaðist af því fyrir neytendur að Poulsen ehf. notaði firmaheiti kæranda á vefsíðu sinni. Í ákvörðun sinni komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðgerða í málinu og var sú niðurstaða staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 14/2012. Í honum sagði m.a. að orðið orka yrði að telja bæði almennt og nokkuð algengt, þ. á m. í atvinnustarfsemi og að orðið hefði um langt skeið verið notað hjá aðilum málsins. Þegar lénið væri slegið inn birtist ekkert sem minnti á kæranda heldur heimasíða Poulsen ehf. þar sem hvergi væri vísað til kæranda eða starfsemi hans, hvorki beint né óbeint. Umrætt lén hafi verið skráð allt frá 1998 og Poulsen ehf. notað það í mörg ár án þess að kvartað hafi verið yfir meintri ruglingshættu af völdum lénsins. Jafnvel þótt miðað væri við að kærandi nyti verndar 2. málsl. 15. gr. a vegna orðsins orka yrði ekki talið að ruglingshætta í skilningi ákvæðisins lægi fyrir.
21. Í 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 segir að eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt eigi aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölul, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 2. tölul. málsgreinarinnar. Eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., 24. gr. laganna eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun samkvæmt 2. tölul. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina nema að fengnu samþykki annarra aðila máls. Þá verður mál ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því, sbr. 2. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögnum segir m.a. að í 2. mgr. 24. gr. þeirra sé að finna skilyrði sem sett séu til þess að viðhalda hæfilegri festu í stjórnarsýsluframkvæmd og sé ætlað að koma í veg fyrir að verið sé að endurupptaka mjög gömul mál sem erfitt geti verið að upplýsa. Markmiðið með ákvæðum 2. mgr. 24. gr. laganna sé að stuðla að því að mál séu til lykta leidd svo fljótt sem unnt sé. Telji aðili þörf á endurupptöku máls beri honum að bera fram beiðni þar að lútandi án ástæðulauss dráttar. Mál verði því ekki endurupptekið á grundvelli 2.

tl. 1. mgr. 24. gr. nema fyrir liggi samþykki annarra aðila málsins og veigamiklar ástæður mæli með því.

22. Hin eldri úrlausn Neytendastofu laut samkvæmt framangreindu að heimild Poulsen ehf. til notkunar á léninu www.orka.is og því hvort banna bæri notkunina vegna ruglingshættu gagnvart firmaheiti kæranda. Að því leyti byggði hin kærða ákvörðun í máli þessu réttilega á því að kvörtun kæranda lyti að efnislega sömu atriðum og stofnunin hafði þegar leyst úr. Þá verður að taka undir það með Neytendastofu að í bréfi sínu til Neytendastofu í máli þessu, dags. 15. ágúst 2020, lýsti kærandi því svo að óskað væri eftir „endurskoðun á ákvörðun Neytendastofu nr. 20/2012 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að aðhafast ekki í notkun kvartanda á léninu orka.is“. Virtist kærandi að þessu leyti sjálfur hafa gert ráð fyrir því upphaflega að þau atriði sem hann kvartaði nú undan væru hin sömu og tekin hefði verið afstaða til í eldri ákvörðun. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að í bréfi kæranda, dags. 25. maí 2021, sem sent var áður en hin kærða ákvörðun var tekin kom fram að nýting Poulsen á léninu www.orka.is í formi beinnar áframsendingar á síðuna www.poulsen.is hefði ekki verið tekin til skoðunar áður hjá Neytendastofu. Poulsen ehf. hefði breytt notkun sinni á léninu www.orka.is frá því að Neytendastofa tók ákvörðun í máli nr. 20/2012 auk þess sem tækniþróun hefði leitt til þess að neytendur leituðu í auknum mæli inn á heimasíður fyrirtækja og nýttu sér leiðir til sjálfsþjónustu. Því væri mikilvægt að taka kvörtun kæranda til efnislegrar skoðunar. Í hinni kærðu ákvörðun var engin afstaða tekin til þessa heldur látið við það sitja að vísa til skilyrða 24. gr. stjórnsýslulaga og þess að rúm níu ár hafi verið liðin frá töku hinnar eldri ákvörðunar.
23. Þótt 24. gr. stjórnsýslulaga standi meðferð máls um sama ágreiningsefni og áður hefur verið leyst úr almennt í vegi girðir ákvæðið ekki fyrir að stjórnvald taki til meðferðar kvörtun sem tengist máli sem áður hefur verið tekið til úrlausnar ef um er að ræða breyttan málsgrundvöll, nýjar forsendur eða önnur atvik, enda teljist þá um nýtt mál að ræða. Þannig er t.d. ekki útilokað á því sviði sem hér um ræðir, á sviði vörumerkja- og auðkennaréttar, að notkun auðkennis sé breytt þannig að ruglingshætta, sem áður taldist ekki til staðar, teljist í kjölfar breyttrar notkunar vera fyrir hendi. Ef tilvist 24. gr. stjórnsýslulaga gerði það sjálfkrafa að verkum að allar kvartanir sem tengdust eldri málum yrðu undantekningalaust skoðaðar með hliðsjón af skilyrðum endurupptöku, án tillits til atvika hverju sinni, væri aðilum í lófa lagið að haga notkun auðkennis þannig að samræmdist fyrirmælum stofnunarinnar fram að töku ákvörðunar í máli en breyta notkuninni síðan strax í kjölfarið í trausti þess að tekin hefði verið ákvörðun sem ekki yrði haggð.
24. Þótt fallast megi á það með Neytendastofu að kvörtun kæranda varði um margt sömu atvik og í máli stofnunarinnar nr. 20/2012 var með hinni kærðu ákvörðun ekki tekin afstaða til þeirrar málsástæðu kæranda að um nýtt mál væri að ræða heldur aðeins, þrátt fyrir athugasemdir kæranda um annað, leyst úr málinu með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga um endurupptöku máls. Verður því ekki hjá því komist að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson